



Enn spennna á vinnumarkaði - en þó merki um betra jafnvægi

Spenna áfram á vinnumarkaði

Sé litið á meðaltal síðustu 12 mánaða hafa rúmlega 195 þúsund verið starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Starfandi fólk var um 10 þúsund fleira nú í júní en var í júní í fyrra. Fjölgun starfandi fólks á vinnumarkaði var mikil og stöðug fram á mitt síðasta ár sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Síðan hefur fjölgun starfsfólks verið hægari, en þó áfram stöðug.

Á milli júní 2017 og 2018 jókst vinnuaflið um 3.900 manns og hlutfall þess af mannfjölda lækkaði um 1,4 prósentustig. Fjöldi starfandi jókst um 2.100 manns og hlutfall þeirra af mannfjölda lækkaði um 2,1 prósentustig.




Atvinnuþáttaka hefur minnkað töluvert

Nú í júní var áætlað að tæplega 210 þúsund manns á aldrinum 16–74 ára hafi að jafnaði verið á vinnumarkaði. Það jafngildir 84% atvinnuþáttöku og af þeim voru um 203 þúsund starfandi og rúmlega 6 þúsund án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþáttaka í júní í fyrra var 85,5%, þannig að þróunin hefur verið niður á við.

Sé litið á 12 mánaða meðaltal jókst atvinnuþáttaka stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Frá maí í fyrra hefur dregið úr atvinnuþáttöku um 1,9 prósentustig, sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal. Á þann mælikvarða er atvinnuþáttaka nú svipuð og var í upphafi ársins 2015.

Vinnutími lengist

Vinnutími var ívið lengri í júní en mánuðina þar á undan, en var þó 0,7 stundum styttri en í júní í fyrra. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn í júní einnig svipaður og mánuðina á undan eftir styttingu sem varð síðastliðið haust.





Vinnuafslnotkun eykst

Eins og áður segir jókst fjöldi starfandi töluvert á milli maí og júní og sama má segja um meðalvinnutíma þeirra sem voru í starfi. Vinnuafslnotkun jókst því töluvert á milli mánaða. Þar sem sveiflur í tölum eru töluverðar milli mánaða er erfitt að meta breytingar á vinnuafslnotkun eftir mánuðum.

Sé litið á breytinguna milli 2. ársfjórðungs 2017 og 2018 er staðan sú að vinnutími stýttist um 0,7% á meðan fjöldi starfandi jókst um 1,3%. Það þýðir að vinnuafslnotkun eða heildarvinnustundum fjölgaði um 0,6% á þessu tímabili. Á 1. ársfjórðungi jókst vinnuafslnotkun um 2,3%. Töluverður kraftur virðist því enn fyrir hendi á vinnumarkaðnum, þótt breytingarnar séu ekki jafn mikið upp á við og á síðustu árum.

Atvinnuleysi í lágmarki

Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal hefur atvinnuleysi verið nær óbreytt lengi eftir að það minnkaði stöðugt fram á mitt síðasta ár. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða miðað við mælingar Hagstofunnar var 2,8% í júní og hefur sú tala verið nær óbreytt í eitt ár og var 2,2% í júní í fyrra. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi var 2,1% nú í júní, en 2,2% í júní í fyrra. Atvinnuleysi virðist því hafa náð lágmarki og er þess ekki að vænta að það dragi meira úr því.


Atvinnuleysi eftir landssvæðum

Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða er enn mest á Suðurnesjum, bæði meðal karla og kvenna, og næst mest á Norðurlandi eystra hjá báðum kynjum. Höfuðborgarsvæðið kemur þar á eftir. Minnsta atvinnuleysið er á Norðurlandi vestra eins og verið hefur. Atvinnuleysi kvenna var meira en karla á þessu tímabili, alls staðar nema á Vestfjörðum, þar sem karlar höfðu vinninginn.


Enn verulegur innflutningur á vinnuafli

Eins og margoft hefur verið fjallað um hefði þensla á vinnumarkaði orðið verulega meiri en raunin varð ef ekki hefði komið til umtalsverður innflutningur á vinnuafli til landsins. Þessi þróun hefur haldið linnulaust áfram.


Atvinna og vinnutími, ársfjórðungar



Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnumálastofnunar



Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánuði eftir kynjum og svæðum





Á 2. ársfjórðungi 2018 voru erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi rúmlega 41 þúsund, eða um 12% þjóðarinnar, og er þetta hlutfall mun hærra á meðal fólks á vinnualdri. Á þessu ári hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað um 4,3% miðað við sama tíma á síðasta ári. Á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um 0,8%.


Á fyrri hluta þessa árs voru aðfluttir útlendingar umfram brottflutta á aldrinum 20-59 ára rúmlega 3.200 og voru um 11% fleiri en var á sama tíma síðasta árs. Það er því ljóst að ekkert lát er á tilflutningi vinnuafls, enda virðist ekki veita af miðað við þá þróun sem við sjáum í dag.

Komandi kjarasamningar

Undirbúningur fyrir næstu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fer væntanlega að hefjast af krafti. Markmið um árangur virðast háleit. Mikil eftirspurn eftir starfsfólki og áframhaldandi tilflutningur erlends vinnuafls eru vísbendingar um að staða launafólks á vinnumarkaðnum sé nokkuð sterk.


Fá merki eru um að staðan á vinnumarkaðnum mundi breytast mikið á næstu mánuðum þannig að vinna við kjarasamninga mun fara fram í vinnumarkaðsumhverfi sem er í þokkalegu jafnvægi og í sterkri stöðu.

Flutningar og erlendir ríkisborgarar



Heimild: Hagstofa Íslands

Aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta, 20-59 ára



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.